

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Funafold 49.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 18. október 2021, breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar norðan Grafarvogs – suðurhluta vegna lóðarinnar nr. 49 við Funafold. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit við vesturhlíð hússins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vindás-Brekknáás.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 17. ágúst 2022, breytingu á deiliskipulagi Vindáss-Brekknáás. Í breytingunni sem lögð er til felst að bætt er við lóð og byggingarreit fyrir dreifistöð á austurhlíð skipulagssvæðisins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bústaðavegur 151-153.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 24. ágúst 2022, breytingu á deiliskipulagi Bústaðavegar 151-153, vegna lóðarinnar sem áður var nr. 151E en verður eftir breytingu nr. 145A við Bústaðaveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að lengja lóð um 4 m til suðurs og stækka byggingarreit. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Túngata 13-15 og Hávallagata 14-16.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 1. september 2022, breytingu á deiliskipulagi Landakotsreits vegna lóðanna nr. 13-15 við Túngötu og 14-16 við Hávallagötu. Í breytingunni sem lögð er til felst stækkun á byggingarreit til norðurs og suðurs til að fjölga tímabundið færanlegum kennslurýmum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 13. september 2022.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 13. september 2022